

**Fundir**

Fimmtudaginn 27. nóvember næstkomandi mun Kristilegt stúdentafélag, K.S.F. halda fræðslufund í stofu 201 í Arnagarði. Fræðslufundurinn hefst kl.17.15 og fjallað verður um efnid „Byltingin í Eplópiu — kristnið“. Kristniðarnir Helgi Hróbjartsson og Jónas Þórisson, sem báðir störfuðu í Eplópiu og því nákunnugir aðstæðum, flytja framsöguvernd. A eftir verða umræður og fyrirspurnir. Fólk er hvatt til að nota tækifærið og fræðast um þetta mál. — Allir eru velkomnir.  
Kristilegt stúdentafélag í Háskóla Íslands.


**Söfnuðir**

Bústaðasókn: Fyrsta sunnudag í aðventu verður veislukaffi í Safnabærheimilinu, eins og venjulega á afmæli kirkjunnar. Kvenfélagið treystir á félagskonur og ábrar konur í sókninni að baka og senda kökur, þeim verður veitt móttaka frá kl. 11 á sunnudag í Safnabærheimilinu.

**Ýmislegt**

AB — Landvernd, landssamtök áhugamanna um umhverfisvernd hefur nú gefið út árlegt veggspjald sitt.

Síðastliðið ár var veggspjaldið helgað blómum og nefndist það „Sköðum blóm, en skemmum ei“. Á því voru margar fallegar ljósmyndir af íslenskum jurtum. Á þessu sinni var



ákveðið að helga veggspjaldið villtum íslenskum spendýrum. Á spjaldinu eru myndir af hreindýrum, sel, mink, hagamús og háhyrningi. Myndirnar voru teknar af Karli Sæmundssyni, Páli Hersteinssyni, Erlendi Jónssyni, Birni Rúrikssyni og Erni Óskarsyni.

Veggspjöld þessi eru til sölu á skrifstofu Landverndar að Skólavörðustíg 25 og kosta þau 1000 krónur.

**HÚS & HÍBYLI**  
EINBYLISHÚS OG RISIBÚÐ Í MYNDS-  
PRÍR VINNUSTADI  
OG „TORFAN“




Hús & Híbyli. Ár í höndum Sam-útgáfunnar. Nóvemberhefti tímaritsins Hús & Híbyli kom út nýlega. Er það sjöunda blaðið, sem kemur

út eftir að SAM-útgáfan tók við rekstri blaðsins. Meðal efnis má nefna: Margskonar efni um börn og málefni þeirra. A neytenðasíðunni er fjallað um börn sem neytendur, önnur grein fjallar um börn og skóla, barna-herbergi eru tekin til meðferðar af innanhússarkitektum og viðtöl eru við börn um heimili. Auk þess er svo birt sérstök stundatafla fjölskyldunnar, ásamt fjölda hugmynda að samverustundum allra fjölskyldumédlimanna, sem merkja má inn á stundatöfluna. Þá er að finna í þessu töl. H&H myndskreytta grein frá

heimsókn blaðsins í „Torfunu“, einnig er skýrt frá heimsókn á þrjá snotra vinnustaði, í einbylishúsi og loks sérstæða risibúð. Greinir eru í blaðinu um garðrækt, kökuuppskriftir, hannyrðir, ljósmyndun, hljóm-tæki, stílbrigði í húsgagnagerð, draumabaðherbergið, atvinnu-starfsemi í fjölbylishúsum, gluggatjöld og loks birtar ýmsar hugmyndir fyrir þá sem vilja taka sjálfir til hendinni í stað þess að kaupa húsgögn í næstu húsgagnaverlun. Ritstjóri H&H er Edda And-résdóttir.



Svo sem áður hefur verið getið í Tímanum, er nú hafin sala á jóla-dagatölum, sem Lionsklúbburinn Freyr hefur séð um innflutning á. Útsölastaðir eru eftirfarandi: Austurbæjar apótek, Garðs apótek og verslarnirnar Íðufell, Straumnes og Þróttur. Verð hvers daga-tals er 1700 kr. A myndinni sjást Lionsmenn vinna að undirbúningi sölunnar.



Bst — Laugardaginn 22. nóv. opnaði Guðmundur Björgvins-son sýningu á myndum sínum að Kjarvalsstöðum. Sýnir hann þar um 100 myndir í vestursal hússins.

Meirihluti myndanna eru þurr-pastelteikningar af raun-

sæjum toga. Aðalviðfangsefnið er mannslikaminn — í fötum eða án þeirra. Einnig er talsvert af myndum unnum með prentlitum og tússi, sem eru mitt á milli raunsæis og abstrakts, meira gefið í skyn en fullyrt. Sýningin verður opin frá kl. 14.00-22.00 til 30. nóv.

**HVELLGEIRI**



**DRÆKI**



**SVALAR**



**KUBBER**

